



Árnesi 20. desember 2023

Málsnúmer: M202305-0041

Umsögn vegna Búrfellslundar dsk, nr. 816/2023 og Búrfellslundur uppbygging vindlundar, nr. 512/2023

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vill benda á að Búrfellslundur í Rangárþingi Ytra er ekki í orkunýtingarflokki samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.

Samkvæmt 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 kemur fram að verndar- og orkunýtingaráætlun tekur til landsvæða og virkjunarkosta sem verkefnisstjórn skv. 8. gr. hefur fjallað um og hafa uppsett rafafli 10 MW eða meira eða uppsett varmaafli 50 MW eða meira.

Sá Búrfellslundur sem Alþingi sett í orkunýtingarflokk 15. júní 2022 er staðsettur bæði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi Ytra.

Samkvæmt 9. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er það verkefnisstjórn sem annast upplýsingasöfnun, faglegt mat, sbr. 4. mgr. 3. gr., og gerð tillagna til ráðherra vegna verndar- og orkunýtingaráætlunar og er samráðsvettvangur vegna hennar. Verkefnisstjórn skal skipa faghópa með sérfræðingum á viðeigandi sviðum sem fari yfir virkjunaráform hver frá sínum sjónarhóli, meti þá með stigagjöf og geri tillögur til verkefnisstjórnar. Fjöldi faghópa og skipan þeirra verður ákveðin af verkefnisstjórninni.

Samkvæmt 10. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 er það verkefnisstjórn sem byggir faglegt mat sitt á upplýsingum sem fyrir liggja um þætti sem taka skal tillit til í verndar- og orkunýtingaráætlun og beitir við það samræmdum viðmiðum og almennt viðurkenndum aðferðum. Vinna faghópa er lögð til grundvallar matinu. Að fengnum niðurstöðum faghópa vinnur verkefnisstjórn drög að tillögum um flokkun virkjunarkosta og afmörkun virkjunar- og verndarsvæða í samræmi við flokkunina. Hún skal leita samráðs við almenning og umsagna um drögin hjá viðeigandi stofnunum, stjórnvöldum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og hagsmunaaðilum. Að liðnum umsagnarfresti og að loknu samráði tekur verkefnisstjórnin afstöðu til fyrirliggjandi virkjanaáforma og kynnir framangreindum aðilum tillögur að verndar- og orkunýtingaráætlun og auglýsir þær með opinberum hætti í dagblaði sem gefið er út á landsvísu, Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu sinni. Í auglýsingunni skal koma fram hvar má nálgast tillögur verkefnisstjórnar og öllum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum með tilgreindum hætti og innan ákveðins frests sem skal ekki vera skemmri en tólf vikur frá birtingu auglýsingar. Að loknu samráðs- og kynningarferli, og að loknu umhverfismati í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, leggur verkefnisstjórn fyrir ráðherra rökstuddar tillögur um flokkun virkjunarkosta og afmörkun landsvæða í samræmi við flokkunina. Ráðherra tekur tillögur verkefnisstjórnar til skoðunar og gengur frá tillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun í samræmi við 3. gr. Ef lagðar eru til breytingar á tillögu verkefnisstjórnar skal leita umsagna þeirra aðila sem greinir í 2. mgr. og þær kynntar almenningi með þeim hætti sem þar greinir áður en tillaga að verndar- og orkunýtingaráætlun er lögð fram á Alþingi.



Á grundvelli laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 samþykkti Alþingi þann 15. júní 2022 að setja Búrfellslund í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra í orkunýtingarflokk rammaáætlunar.

Þann 7. júní 2023 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að fara fram á frestun á ákvörðun um landnotkun vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar. Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps sendi þann 8. júní 2023 erindi til Skipulagsstofnunar og tilkynnti um frestunina í samræmi við 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Í 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 kemur fram að fari sveitarstjórn fram á frestun á ákvörðun um landnotkun skuli fara með þann kost eins og kosti í biðflokki. Samkvæmt 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 kemur fram að stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki.


Engin heimild er því í lögum til að vinna skipulagsvinnu tengt virkjanakostinum né veita leyfi frá stjórnvöldum fyrr en sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur fallið frá frestun um ákvörðun á landnotkun.

Meirihluti sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynntur áframhaldandi uppbyggingu orkuvinnslu í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn undrast vinnubrögð Landsvirkjunar um að breyta virkjanakostinum Búrfellslundi til þess að reyna að komast framhjá því að vinna með nærsamfélaginu og fara framhjá lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Slík vinnubrögð telur sveitarstjórn ekki samræmast gildandi samfélagsstefnu Landsvirkjunar um að vera góður granni og leggja áherslu á góð samskipti og samvinnu við nærsamfélög.

Sveitarstjórn skorar á Landsvirkjun að hefja samtal við sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps um hvernig sé hægt að vinna áfram að framvindu Búrfellslundar í sátt og samvinnu við nærsamfélagið.

F.h. sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps

20. desember 2023


Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti og sveitarstjóri

Meðfylgjandi er tilkynning Skeiða- og Gnúpverjahrepps til Skipulagsstofnunar frá 8. júní 2023 þar sem farið var fram á frestun á ákvörðun um landnotkun samkvæmt 7. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun v/Búrfellslundar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi Ytra.



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Erindi til Skipulagsstofnunar frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna beiðni um frestun á ákvörðun um landnotkun samkvæmt 7. gr. laga nr. 48/2011 lög um verndar- og orkunýtingaráætlun v/fyrirhugaðs Búrfellslunds.

Samkvæmt 1. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, er markmið þeirra að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkranýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. 4. gr. laganna fjallar um orkunýtingarflokk. Í orkunýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar falla virkjunarkostir sem er áætlað á grundvelli sjónarmiða sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. að ráðast megi í. Stjórnvöldum er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum og orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í orkunýtingarflokki. Þá eru orkurannsóknir sem lögum samkvæmt geta farið fram án leyfis stjórnvalda heimilar vegna virkjunarkostanna.

Mat á umhverfisáhrifum Búrfellslundar lauk í desember 2016. 15. júní 2022 var Búrfellslundur setur í orkunýtingarflokk. Í nóvember 2022 sótti Landsvirkjun um virkjanaleyfi til Orkustofnunar á Búrfellslundi. Núverandi lagaumgjörð orkuvinnslu á Íslandi skilar mjög takmörkuðum ábata til nærsamfélagsins og í sumum tilfellum getur orkuvinnsla valdið sveitarfélögum beinu fjárhagslegu tjóni. Þá er ekki metið mögulegt tap samfélagsins á þeirri takmörkun sem verður til annarrar atvinnuuppbyggingar í nærumhverfi orkuframleiðslu, þá sérstaklega vindorkuframleiðslu.

Þann 15. Febrúar 2023 lagði sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fram eftirfarandi bókun:

Virkjanaframkvæmdir á Þjórsár og Tungnaárvæðinu

Frá því að ný sveitarstjórn tók til starfa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 1. júní 2022 hefur mikil vinna farið í virkjanamál og málefni Landsvirkjunar. Hvammsvirkjun hefur verið fyrirferðamikil í sveitarfélaginu síðustu 20 ár og er yfirferð framkvæmdaleyfis nú í gangi hjá sveitarstjórn. Á undanförunum mánuðum hefur mikil greiningarvinna átt sér stað í sveitarstjórn um áhrif orkuframleiðslunnar á nærumhverfi okkar, og nærsamfélags orkuframleiðslu almennt. Tölulegar staðreyndir sýna fram á það að nærsamfélagið nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af orkuframleiðslunni á meðan efnahagslegur ávinningur kemur fram þar sem orkan er nýtt. Sú staðreynd gerir það að verkum að orkuvinnsla í sveitarfélaginu þjónar ekki hagsmunum þess til framtíðar í óbreyttri mynd.

Vegna þessa leggur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fram eftirfarandi bókun:

Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum, að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040 og að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrst þjóða. Hvammsvirkjun er einungis fyrsta skrefið af mörgum í gríðarlegum áformuðum virkjanaframkvæmdum Landsvirkjunar í nærumhverfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á næstu 17 árum.



Ekkert samtal hefur átt sér stað á milli ríkis og sveitarfélaga sem þurfa að skipuleggja og heimila allar þessar framkvæmdir. Það er staðreynd að nærumhverfið þar sem orkan er framleidd nýtur mjög takmarkaðs ávinnings af henni.

Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög. Með öðrum kosti verða engin orkuskipti á Íslandi í náinni framtíð.

Þann 15. september 2015 lagði Landsvirkjun fram frummatsskýrslu um Búrfellslund, vindorkuver með allt að 200 MW uppsettu rafafli norðaustan við Búrfell í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í matsskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir vindorkuveri með allt að 200 MW uppsettu afli sem fái úr 58 til 67 vindmyllum sem hver um sig verði 3 til 3,5 MW. Möstrin verði 70 til 95 m há. Þau verði um 4,5 m að þvermáli við jörð en um 2,7 m við topp. Lengd spaða verði 40 til 60 m. Miðað við spaða í hæstu stöðu verði hæð hvernar vindmyllu allt að 150 m. Við ákvörðun um hæð og uppröðun á vindmyllum verði leitast við að hámarka árlega orkuvinnslu fyrir orkuverið í heild. Það sé gert með því að taka mið af áhrifum vindmylla hver á aðra, en margar vindmyllur í þyrpingu valdi því að ókyrrð aukist innan svæðisins. Hver vindmylla verði staðsett með það í huga að lágmarka iðutöþ innan vindorkuversins. Þar sem ríkjandi vindáttir á svæðinu séu úr norðaustri og suðvestri ráðist uppröðun vindmyllnanna af því að takmarka iðutöþ í þessum tveimur vindáttum. Áætlaður líftími vindmyllnanna er 25 ár. Fram kemur í matsskýrslu að með vindorkuverinu hyggist Landsvirkjun mæta vaxandi orkuþörf í landinu jafnt til almennra nota sem iðnaðar. Samlegð sé með vindorku og vatnsorku. Nýting vindorku gefi tækifæri til að stýra orkuvinnslu betur í vatnsaflsvirkjunum; draga úr henni og safna vatni í uppistöðulón þegar vindur blæs og auka framleiðslu þegar vinda lægir.

Fram kemur í matsskýrslu að gert sé ráð fyrir að safna raforku frá vindmyllunum með jarðstrengjum sem liggja muni í vegöxl að safnstöðvum. Mögulega verði reistar tvær safnstöðvar sem hvor um sig taki við um 100 MW. Slíkar stöðvar geti verið 3-4 m á hæð og um 250 m². Reynt verði að staðsetja safnstöðvarnar þannig að strengir verði sem stystir og tap í strengjum sem minnst. Við hvora safnstöð verði aflspennir til að hækka safnspennuna áður en tengt er við flutningskerfi Landsnets. Spennamir verði í mannvirkjum sem geti orðið um það bil 7 m há og um 100 m². **Tvö tengivirki í eigu Landsnets eru í næsta nágrenni framkvæmdasvæðisins, við Sultartanga og Búrfell. Bæði tengivirkin eru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og kalla á breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.** Fram kemur að Landsnet taki ákvörðun um hvernig tengingu við raforkuflutningskerfið verði háttáð, þegar nánari forsendur um staðsetningu og stærð framkvæmdarinnar liggja fyrir.

Að mati Skipulagsstofnunar þarf að hafa í huga að framkvæmdin er fyrirhuguð rétt innan við mörk miðhálandisins, á svæði þar sem vænta má kyrrðar ef frá er talin umferð um vegi beggja vegna Þjórsár. Í matsskýrslu hefur verið sýnt fram á að hljóðstig verði líklega innan viðmiðunarmarka fyrir kyrrlát svæði samkvæmt reglugerð um hávaða í um 1,0-1,5 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Innan þeirrar fjarlægðar má hins vegar vænta hljóðstigs yfir þeim mörkum. Þannig getur ferðafólk í nánd við framkvæmdasvæðið orðið vart við hvin frá vindmyllunum. Skipulagsstofnun telur því að áhrif



framkvæmdarinnar á hljóðvist séu líkleg til að vera nokkuð neikvæð næst framkvæmdasvæðinu, en óveruleg þegar fjær dregur.

Í matsskýrslu er lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á helstu áningarstaði ferðamanna og ferðaleiðir á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Matið byggir að mestu á fjarlægð vindorkuversins frá viðkomandi staðsetningu. Þjórsárdalsvegur og Landvegur, sem eru mikilvægar vegtengingar upp á miðhálandið, fara um framkvæmdasvæðið og metur Landsvirkjun sjónræn áhrif af vindorkuverinu nokkuð til **verulega neikvæð** á þeim leiðum, háð fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Á **Dómadalsleið** sést einnig vel til framkvæmdasvæðisins.

Næstu áningarstaðir ferðamanna við framkvæmdasvæðið eru **Áfangagil og Hólaskógur**. Þar verður vindorkuverið áberandi og metur Landsvirkjun sjónræn áhrif þar **verulega neikvæð** vegna nálægðar. Þá verður vindorkuverið sýnilegt frá **gönguleiðum austan Búrfells og að Hólaskógi** og eru áhrif þar metin af Landsvirkjun nokkuð til **verulega neikvæð**, eftir fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.

Stöng og Gjáin eru vinsælir ferðamannastaðir í Þjórsárdal sem eru í um 3 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og verða vindmyllurnar sýnilegar þar frá ákveðnum stöðum. Landsvirkjun metur áhrif þar talsvert til **verulega neikvæð**.

Aðrir nálægir áningarstaðir í um 5 km fjarlægð eru **Fossbrekkur og Tröllkonuhlaup** þar sem sjónræn áhrif eru metin talsvert til **verulega neikvæð** af Landsvirkjun. Leiðin eftir línuveginum að **Háafossi** liggur einnig nærri framkvæmdasvæðinu og metur Landsvirkjun áhrif þar talsvert til **verulega neikvæð**. Fram kemur að ekki sjáist til vindmyllnanna frá **Háafossi**, en frá bílastæði í nágrenni fossins verði áhrif talsvert til **verulega neikvæð**.

Sjónræn áhrif á **reiðleiðum austan Búrfells** sem liggja í innan við 5 km fjarlægð frá vindmyllunum eru **metin verulega neikvæð**, en hins vegar eru reiðleiðir vestan Búrfells að mestu utan þess svæðis sem sést til vindorkuversins. Vindmyllurnar verða sýnilegar af hjólaleið norðan Búrfells, sem liggur innan 5 km fjarlægðar frá framkvæmdasvæðinu en af hjólaleið vestan Búrfells er talið gæta óverulegra sjónrænna áhrifa, þar sem þær eru í hvarfi.

Sjónræn áhrif frá **Heklutindi, Gaukshöfða og Rjúpnavegum** eru metin **nokkuð neikvæð**.

Samkvæmt rannsóknum meðal ferðamanna sem vísað er til í matsskýrslu felst aðdráttarafi hálandis Íslands í víðernum ásamt ýmsum eiginleikum náttúrunnar eins og fegurð, landslagi, útsýni og fjölbreytileika. Í matsskýrslunni kemur fram að 66% ferðamanna sem tóku þátt í rannsókn um viðhorf ferðamanna telja að vindmyllur minnki aðdráttarafi svæðisins, en jafnframt telja tæplega 60% að vindorkuver við Búrfell hefði ekki áhrif á ferðahegðun þeirra.

Fram kemur að niðurstöður rannsókna meðal ferðamanna bendi til þess að vindmyllur við Búrfell muni skerða upplifun hluta þeirra ferðamanna sem ferðast um svæðið.

Niðurstaða Landsvirkjunar er að áhrif á ferðamenn á svæðinu verði nokkuð neikvæð á heildina litið. Þá telur Landsvirkjun að uppbygging vindorkuvers við Búrfell geti farið saman við uppbyggingu og viðgang ferðapjónustu í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Áhrif á íbúa og ferðapjónustuaðila eru metin nokkuð neikvæð.

Þann 1. Mars 2023 var umsögn um Búrfellslund á dagskrá og eftirfarandi bókun lögð fram af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.



Fyrirhugaður Búrfellslundur sem staðsettur er á mörkum Rangárþings Ytra, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Ásahrepps mun hafa gríðarleg neikvæð sjónræn áhrif í öllum þremur sveitarfélögunum.

Lagaleg umgjörð um vindorku á Íslandi hefur ekki verið sett og á meðan svo er telur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps ekki tímabært að sveitarfélög afgreiði tillögur til breytinga á aðal- og deiliskipulagi vegna vindorkugarða, sem geta takmarkað möguleika sveitarfélaganna til annarrar atvinnuuppbyggingar.

Í bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 15. febrúar 2023 kemur fram að orkuvinnsla í sveitarfélaginu í óbreyttri mynd þjóni ekki hagsmunum þess.

Til þess að hægt verði að breyta aðal- og deiliskipulagi sveitarfélaga, vegna frekari orkuvinnslu, þarf að tryggja með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína njóti efnahagslegs ávinnings af hagnýtingu hennar. Það mun styrkja byggð um land allt þar sem orkan verður til.

Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps telur áhrif af fyrirhuguðum Búrfellslundi verða verulega neikvæð miðað við núverandi lagaumgjörð og að ekki sé hægt að heimila hann í óbreyttri mynd. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hvetur sveitarstjórn Rangárþings Ytra til að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Með tilkomu vindorku er að verða breyting á orkuvinnslu á Íslandi. Öll landsvæði á Íslandi geta fallið undir virkjunarkosti með vindorku. Fyrirhuguð staðsetning Landsvirkjunar á Búrfellslundi byggist einungis á því að vera í nágrenni við helstu virkjanir Landsvirkjunar á hálendinu og því auðvelt að tengja þær inná núverandi flutningskerfi Landsnets. Búrfellslundur er staðsetur í anddyri hálendis Íslands og mun hafa gríðarlega neikvæð áhrif á ferðaþjónustu á svæðinu og takmarka mjög möguleika til frekari uppbyggingar hennar.

Metnaðarfyllsta og dýrasta uppbygging ferðaþjónustu á landsbyggðinni á Íslandi er hafin í Þjórsárdal, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Sú uppbygging mun skila sveitarfélaginu og nærsamfélaginu margfalt meiri ávinningi en öll orkuframleiðsla þar, þrátt fyrir að mesta framleiðsla á raforku í sögu landsins hafi át sér stað í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Það liggur fyrir að fyrirhugaður Búrfellslundur mun hafa verulega neikvæð áhrif á áframhaldandi uppbyggingu í ferðaþjónustu á svæðinu. Sú staðreynd að nærumhverfi orkuvinnslu hefur takmarkaðan ávinning af þeirri starfsemi, og fær ekki sína lögbundnu tekjustofna vegna undanþágu í lögum, gerir það að verkum að frekari orkumannvirki verða ekki set í skipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Sú ákvörðun mun standa óbreyt meðan núverandi lagaumgjörð um orkuvinnslu er við lýði á Íslandi.

Á sveitarstjórnarfundi Skeiða- og Gnúpverjahrepps þann 7. Júní 2023 var eftirfarandi bókað:

Núverandi lagaumgjörð orkuvinnslu á Íslandi er slík að takmarkaður ábati skilar sér til nærumhverfis vindorkuframleiðslu og áhrifin verða verulega neikvæð. Ekki er hægt að heimila slíka uppbyggingu í núverandi lagaumgjörð. Á meðan ekki liggja fyrir samþykkt lög um vindorkuframleiðslu hefur sveitarfélagið engar forsendur til að meta möguleg áhrif vindorkuuppbyggingar á nærumhverfið. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps er hlynnt



ábyrgri nýtingu auðlinda, en til þess að hún sé samfélaginu til hagsbóta þarf lagaumgjörð og skattaumgjörð að vera þannig að hún sé sanngjörn á milli nærumhverfis orkuframleiðslu og notenda orkunnar. Á grundvelli 7. gr. laga um vendar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 óskar sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftir því við Skipulagsstofnun að fresta ákvörðun um landnotkun fyrir Búrfellslund samkvæmt vendar- og orkunýtingaráætlun í allt að tíu ár. Skal meðan fresturinn stendur fara með þann kost eins og kosti í biðflokki.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að fara fram á frestun um ákvörðun á landnotkun vegna fyrirhugaðs Búrfellslundar. Sveitarstjóra falið af senda erindið til Skipulagsstofnunar.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

8. júní 2023


Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson

Oddviti / Sveitarstjóri